

## 13. OFBELDI

... Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir... til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun, þar á meðal kynferðislegri misnotkun, meðan það er í umsjá annars eða beggja foreldra, lögráðamanns eða lögráðamanna, eða nokkurs annars sem hefur það í umsjá sinni.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, 19. grein



Ofbeldi er valdbeiting eða hótun um valdbeitingu sem getur leitt til meiðinga, tjóns, missis eða jafnvel dauða. Því getur fylgt sá tilgangur að refsa einhverjum eða neyða til að gera eitthvað gegn vilja sínum, ofbeldi kann einnig að vera beitt af tilfallandi illgirni. Það getur verið líkamlegt, munnlegt eða andlegt. Ofbeldi er brot á mannréttindum, hvernig svo sem því er beitt. Þó að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og ýmsir aðrir alþjóðlegir og svæðisbundnir samningar kveði á um líkamlega friðhelgi, öryggi og reisu barna er ofbeldi gegn börnum enn algengt. Það á sér stað í öllum löndum Evrópu, án tillits til stéttar eða stöðu.

Illri meðferð á börnum má skipta í fjóra meginflokka:

**Tilfinningaleg misbeiting:** Þetta geta verið munnlegar svívirðingar, andleg misnotkun og sálrænt ofbeldi. Um er að ræða athafnir eða athafnaleysi af hálfu foreldra eða umsjáraðila sem veldur eða gæti valdið alvarlegum hegðunarvandamálum og vitsmunalegum, tilfinningalegum eða geðrænum truflunum.

**Vanræksla:** Ekki er séð fyrir grunnþörfum barnsins. Vanræksla getur verið af líkamlegum, námslegum eða sálrænum toga. Líkamleg vanræksla getur sýnt sig í því að barninu er ekki séð fyrir nægilegum mat eða fatnaði, viðeigandi læknishjálp og eftirliti og vernd gegn náttúruöflunum. Það kann að vera yfirgefið. Námsleg vanræksla kemur fram í því að ekki er séð til þess að barnið fái viðeigandi fræðslu eða að sérþörfum þess sé sinnt, og því er leyft að skrópa í tíma og ótíma. Sálræn vanræksla lýsir sér í því að barninu er sýnt ástleysi, það fær hvorki tilfinningalegan stuðning né vernd gegn misnotkun, er til dæmis leyft að neyta áfengis og fíkniefna.

**Líkamlegt ofbeldi:** Þegar barn verður fyrir líkamsmeiðingum. Það er brennt, slegið, kýlt, hrist, lamið, sparkað í það eða það skaðað á annan hátt. Meiðingar af slíku tagi eru misþyrmingar, hvort



sem hinn fullorðni ætlaði sér að skaða barnið eða ekki. Líkamsmeiðingar má t.d. rekja til þess að barn sé beitt of miklum aga eða það sæti einhvers konar líkamlegri refsingu.

**Kynferðislegt ofbeldi:** Óviðeigandi kynhegðun gagnvart barni felst í því að snerta kynfæri barns, láta barn snerta kynfæri fullorðins, í samförum, sífjaspellum, nauðgun, sódómsku, strípihneigð og kynferðislegri misnotkun. Þá er barn beitt valdi, það er gínt, því er mútað, hótað eða neytt til kynferðislegra athafna eða þátttöku. Kynferðislegt ofbeldi á sér stað þegar eldra og þroskaðra barn eða fullorðinn einstaklingur notar barn til að veita sér kynferðislega ánægju. Kynferðislegt ofbeldi er ofbeldisfull valdbeiting gagnvart barni og brot á rétti barnsins til að mynda eðlileg, heilbrigð og traust tengsl við aðra.

Slíkt ofbeldi hefur skelfileg áhrif á börn. Það grefur undan velferð þeirra og hæfni til að læra og eiga eðlileg samskipti við aðra. Það skilur eftir sig líkamleg og tilfinningaleg ör og getur valdið varanlegu sálrænu áfalli. Rannsóknir sýna enn fremur að ofbeldi elur af sér ofbeldi; gera má ráð fyrir að barn sem verður fyrir ofbeldi beiti síðar eigin börn ofbeldi.

Takast þarf á við ofbeldi gegn börnum á viðtækan hátt. Fræða þarf fólk og byggja upp færni þess og getu til að vitundarvakning eigi sér stað og samfélag án ofbeldis geti orðið að veruleika. Skýr stefna og skilvirk upplýsingamiðlun verður að vera fyrir hendi og vinna þarf að því að ráðamenn beiti sér fyrir samfélagi án ofbeldis.

## Ofbeldi innan fjölskyldunnar

Í ýmsum ríkjum Evrópu er tiltekið og síendurtekið ofbeldi gagnvart börnum látið óátalið eða jafnvel viðurkennt, einkum líkamsrefsingar sem beitt er innan fjölskyldu í agaskyni. Slíkt ofbeldi er óbeint heimilað af löggæsluaðilum sem líta ekki á slíkan verknað sem saknæman. Jafnvel þótt ríki hafi samþykkt lög gegn heimilisofbeldi getur allur gangur verið á framkvæmd laganna. Fjöldi barna í Evrópu lætur lífið af völdum illrar meðferðar í hverri viku.<sup>1</sup>

Ofbeldi getur verið falið og erfitt getur verið að uppgötva það þegar því er beitt af einstaklingum sem barnið er í daglegri umgengni við og á stöðum sem ættu að vera börnunum skjól og athvarf, svo sem í skólum, á heimilinu eða stofnunum. Þar sem heimilisofbeldi er það ofbeldi gegn börnum sem erfiðast er að koma auga á, er erfitt að fá um það tölulegar upplýsingar og oft er ekkert að marka slíkar upplýsingar. Mörg börn óttast mjög að koma upp um skyldmenni sín, einkum ef um kynferðislega misnotkun er að ræða. Þögnin sem umlykur slíkt ofbeldi leggur þær þungu skyldur á herðar allra þeirra sem vinna með börnum að þeir þekki einkenni ofbeldis og leggi fram kæru í öllum tilvikum.

Þriðjungur aðildarríkja Evrópuráðsins hefur lagt bann við líkamsrefsingum (Austurríki, Búlgaría, Danmörk, Finnland, Ísland, Ítalía, Króatía, Kýpur, Lettland, Noregur, Portúgal, Rúmenía, Svíþjóð og Ungverjaland, Úkraína, Þýskaland)<sup>2</sup> og í öðrum löndum stendur til að setja lög þar að lútandi. Þrátt fyrir þessa jákvæðu þróun er líkamleg refsing þó enn heimiludögum samkvæmt í ýmsum löndum og enn lítið á slíkt atferli sem viðurkennda aðferð til að „halda uppi aga“. Til að líkamleg refsing eigi sér ekki stað innan veggja heimilis þarf viðhorfsbreytingu meðal foreldra, sem leiðir til jákvæðari aðferða við barnaupheldi þar sem ofbeldi er ekki beitt.

## Ofbeldi í skólum

Tíunda hvert grunnskólabarn verður fyrir ofbeldi í skóla og þessi tala fer hækkandi.<sup>3</sup> Tíðni ofbeldis tengist fremur viðhorfi gagnvart börnum og því pólitíska tilliti sem tekið er til barna þar en efnahagsástandi viðkomandi landa.<sup>4</sup> Þótt bannað sé að beita líkamlegum refsingum í flestum skólum Evrópu er einelti og ofbeldi þó mjög algengt. Börn sem skera sig aðeins úr hópnum – eru klárari, stærri eða minni, eða með annan hörundslit eða hreim en fjöldinn – geta orðið fyrir aðkasti, illkvittni og slúðri, verið uppnefnd, kúguð og skilin út undan, ráðist er á þau eða eigur þeirra skemmdar.



Einelti í skólum getur verið stundað af heilu hópunum eða sprottið upp vegna kynþáttafordóma sem beinast einkum að þjóðernislegum minnihlutahópum eða innflytjendum. Núorðið á einelti sér oftast stað í „netheimum“ þar sem niðurlægjandi myndir eða særandi athugasemdir um barn fara á flakk á netinu. Þar sem slíkt einelti er yfirleitt nafnlaust, og fer samstundis eins og eldur í sinu manna á milli, er það sérstaklega skaðlegt þeim börnum sem fyrir því verða. Þau börn sem verða fórnarlömb slíks ofbeldis líta á skólann sem ógnvekjandi stað en ekki námsvettvang. Alþjóðleg skýrsla sem gerð var á vegum Sameinuðu þjóðanna um ofbeldi gegn börnum leiddi í ljós að í Evrópu verða stelpur frekar fyrir einelti en strákar og að það eru krakkar á aldrinum 12–16 ára sem í áttatíu prósent tilvika beita ofbeldi í skólum.<sup>5</sup>

Brýnt er að vekja almenna athygli á þessu vandamáli og bregðast hart við ofbeldi í skólum. Skólastjórnendur, kennarar og foreldrar ættu að þekkja einkenni ofbeldis og gera strax ráðstafanir til að sporna við því. Í öllum skólum þarf að vera forvarnarstefna gegn ofbeldi og auðveld og örugg leið til að koma kvörtunum á framfæri. Góð leið til að berjast gegn ofbeldi í skólum er að fá börnin til að taka þátt í vitundarvakningu um þessi mál og hjálpa hvert öðru.

European Observatory on Violence in Schools (EOVS) er stofnun sem annast rannsóknir á ofbeldi í skólum og þéttbýli. Hún er staðsett í Victor Ségalen-háskólanum í Bordeaux í Frakklandi, og rannsóknirnar beinast að ofbeldi í Belgíu, Þýskalandi, Ítalíu, Spáni, Sviss og Bretlandi, og einnig nokkrum löndum utan Evrópu, þ.e. Kanada, Japan, Mexíkó og Búrkína Faso. Stofnunin rannsakar vandamál sem tengjast ofbeldi og skipuleggur alþjóðlegt samstarf ýmissa aðila, þar á meðal UNESCO og Evrópuþingsins.

*European Observatory of Violence in Schools: [www.obsviolence.com/english/presentation/index.html](http://www.obsviolence.com/english/presentation/index.html)*

## Afhjúpanir í fjölmiðlum og á netinu

Ungt fólk getur mætt ýmiss konar hættum á netinu og við notkun annarra miðla. Hvort sem um vilja eða óviljaverk er að ræða er það ákveðin tegund ofbeldis að fá óæskilegt efni upp á skjáinn, svo sem myndir af ofbeldisfullum athöfnum, kynþáttaáróður og klám. Börn eru einnig berskjölduð gagnvart áreitni og barnaniðingum á netinu, jafnvel í öruggu skjóli innan veggja heimilisins.<sup>6</sup> Sjá 9. efnisflokkinn um *fjölmiðla og netið* hér frammar, bls. 249, þar sem fjallað er um fræðslu um samskiptamiðla til að vernda börn gegn slíkum hættum. Árið 2006 samþykkti ráðherraráð Evrópuráðsins sérstök tilmæli um að styðja og styrkja börn í hinu nýja upplýsinga- og samskiptaumhverfi.<sup>7</sup>

## Kynferðisleg misnotkun á börnum

Kynferðislegt ofbeldi og misnotkun á börnum er verulegt vandamál í Evrópu nú á dögum. Um er að ræða sífjaspell, klám, vændi, mansal og kynferðislega áreitni meðal jafnaldra.

Talið er að milli tíu og tuttugu prósent barna í Evrópu verði fyrir kynferðislegu ofbeldi á unga aldri.<sup>8</sup> Yfirleitt kæra þolendurnir þó ekki það glæpsamlega athæfi sem þeir verða fyrir. Margir þeirra eru of ungir til að skilja hvað átti sér stað. Önnur börn eiga engan að sem þau treysta eða mun trúá þeim, eða þau skammast sín of mikið til að geta sagt nokkrum frá, finna til sektar og finnst þau hafa verið svikin. Mörg eru beitt valdi eða hótáð af ofbeldismanninum, sem í flestum tilvikum er einn af fjölskyldunni eða fjölskylduvinur sem barnið þekkir.

Skipulagt vændi og barnanið er önnur gerð kynferðisofbeldis þar sem börn eru neydd til kynlífsathafna með ókunnugum og skipuleggjandinn þiggur greiðslu fyrir. Einkum er hætt við að börn á átaka-svæðum, börn sem hafa yfirgefið heimili sín, eru landflótta og á vergangi, börn á stofnunum, börn sem njóta ekki stuðnings fjölskyldu sinnar og börn sem lifa við fátækt, verði fyrir kynferðislegri misnotkun. Foreldrum, kennurum, félagsráðgjöfum og ráðamönnum ber öllum að vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi.



## Mansal á börnum

Mansal er þrælasala nútímans. Farið er með manneskjuna eins og hverja aðra vöru sem gengur kaupum og sölum og er misnotuð á allan hátt. Mansal er brot á mannréttindum og atлага gegn friðhelgi og sæmd allra manna.

Átt er við „mansal á börnum“ þegar um er að ræða einstaklinga innan átján ára aldurs sem ráðnir eru til hugsanlegra starfa en síðan sendir burt, framseldir og sviptir frelsi í þeim tilgangi að græða á þeim, annaðhvort innan- eða utanlands. Stundum eru börn blekkt með loforðum um skólavist og ferðalög; stundum láta bláfátækir foreldrar börn sín af hendi gegn greiðslu.

Börn sem seld eru mansali verða fyrir ofbeldi og kynferðislegri misnotkun; þau eru svipt réttinum til eigin sjálfsmyndar, til að alast upp hjá fjölskyldu sinni, til menntunar, heilbrigðisþjónustu, hvíldar og tómtunda og réttinum til frelsis frá vanvirðandi meðferð eða refsingu. (Sjá einnig umfjöllun um vinnu barna í 4. efnisflokknum, *Menntun og tómtundir*, bls. 223.)

Í Evrópu er mansal á börnum yfirleitt tengt kynferðislegri misnotkun eða nauðungarvinnu. Börnin eru látin stunda vændi, neydd í hjónaband eða ættleidd ólöglega; þau eru ódýrt eða ókeypis vinnuafli við jarðyrkjustörf eða í þrælabúðum, vinna við þjónustustörf á heimilum eða sem betlarar og eru misnotuð í tengslum við íþróttir. Þar sem þessi börn eru ólöglega í haldi eru þau venjulega falin sjónum almennings og erfitt er að hafa uppi á þeim. Þar sem þau tala yfirleitt ekki tungumálið á viðkomandi stað og eru undir ströngu eftirliti eru möguleikar þeirra á að komast undan eða leita sér hjálpar afar takmarkaðir.

## Viðkvæmir hópar barna

Þó að ofbeldi gegn börnum sé ekki bundið neinum sérstökum hópi eða efnahagsstétt eiga sum börn frekar á hættu að verða fyrir misnotkun en önnur. Um er að ræða:

- **Heimilislaus börn í stórborgum:** Mikil hætta er á að „götubörn“ verði fyrir kynferðislegri misnotkun, einkum stúlkur. Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) greinir frá því að um þessar mundir séu um 100 milljónir götubarna í heiminum.<sup>9</sup> Í öllum stórborgum Evrópu eru þúsundir götubarna og þeim fer stöðugt fjölgandi vegna atvinnuleysis, örbirgðar og innflutnings.
- **Fötluð börn:** Þó að fötluð börn séu tíðum fórnarlömb misnotkunar, svo sem ofbeldis og kynferðislegrar áreitni, koma barnaverndarnefndir sjaldan að málum þeirra. Félagspjónustan kann raunar að viðhalda misnotkun á fötluðum börnum með því að flokka þau sem „sérstök“ eða „með sérþarfir“. Fötluðum börnum er á ýmsan hátt kennt að vera þægileg fórnarlömb, einkum stúlkum sem oft eru minna metnar en drengir. Einnig fá fatlaðar stúlkur síður að mennta sig en drengir, njóta síður nægilegrar læknisþjónustu og endurhæfingar, eða fá ekki að taka virkan þátt í samfélaginu.<sup>10</sup>
- **Börn flóttafólks og innflytjenda:** Börn flóttafólks og innflytjenda eiga á hættu að sæta ofbeldi, bæði innan veggja heimilisins og úti í samfélaginu vegna útlendingahaturs. Þar sem foreldrarir þekkja ekki lög og reglur samfélagsins verða börnin stundum fórnarlömb skaðlegra siðvenja, svo sem umskurðar á kynfærum. Áföll og óstöðugleiki innan fjölskyldunnar geta einnig verið orsakir barnaofbeldis.
- **Barnungar mæður:** Enda þótt barnungar mæður eigi enn rétt á allri þeirri vernd og úrræðum sem kveðið er á um í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er almennt litið svo á að stúlkur sem fætt hafa barn séu orðnar fullorðnar, hvort sem þær eru giftar eða ógiftar. Þær eru því fastar í lagalegum ógöngum; njóta ekki þeirrar verndar sem börn eiga rétt á og eru of ungar til að krefjast réttar síns sem fullorðnir einstaklingar.



### Þetta er hægt að gera til að koma í veg fyrir barnaofbeldi:

- Fylgjast með aðstæðum barna og kæra hvers kyns ofbeldi.
- Fylgjast með stefnu og áætlunum stjórnvalda varðandi verndun barna gegn ofbeldi og þrýsta á ráðamenn um lagasetningu þar að lútandi.
- Veita fjölskyldum stuðning með foreldrafræðslu.
- Rjúfa þögnina! Segja frá ofbeldi sem þú hefur orðið fyrir eða verið vitni að.
- Rísa gegn því að ofbeldi sé látið viðgangast í samfélaginu.
- Vekja athygli á ofbeldi gegn börnum.
- Læra að þekkja merki um ofbeldi.
- Beita sér fyrir því að skólar og samfélagið almennt banni og útrými einelti og annars konar ofbeldi gegn börnum.
- Kenna börnum hvernig þau geta varið sig gegn misnotkun og meiðingum.
- Kenna börnum hvernig leysa má ágreining án ofbeldis.
- Ekki beita ofbeldi sjálf(ur).

## Mikilvægir mannréttindasamningar

### Evrópuráðið

Í 3. grein **Mannréttindasáttmála Evrópu** segir: „Enginn maður skal sæta pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.“ Evrópuráðið hefur gert ýmislegt til að efla og vernda þessi grundvallarréttindi með því að vinna gegn ofbeldi með lagalegum aðgerðum, kynningarstarfsemi og herferðum (t.d. gegn mansali, kynbundnu ofbeldi, barnavinnu og ofbeldi í fjölmiðlum).

Komið hefur verið á fót lagalegri vernd gegn ýmiss konar ofbeldi:

- **Evrópunefndin um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (CPT)** vinnur að viðmiðunarreglum um verndun ungmenna sem sætt hafa frelsissviptingu, gerir fyrirbyggjandi ráðstafanir án dómsvalds til að frelsissvipt ungmenni njóti verndar og fer reglulega í vitjanir á staði þar sem ungir ofbeldismenn eru vistaðir.<sup>11</sup>
- **Samningurinn um aðferðir gegn mansali** miðar að því að sporna við mansali, standa vörð um mannréttindi fórnarlamba mansals og að þeir sem stunda mansal séu lögsóttir.<sup>12</sup> Þessi lagalega bindandi samningur, sem tók gildi árið 2005, tekur til mansals af öllu tagi, allra þolenda og hvers kyns misnotkunar, svo sem kynferðisofbeldis, nauðungarvinnu og brotnáms líffæra í hagnaðarskygni.
- Í 9. grein **Samnings Evrópuráðsins um tölvubrot**, sem fjallar um afbrot sem tengjast barnaklámi, er kveðið á um að aðildarríki skuli innleiða „lagalegar aðferðir sem og annars konar aðferðir til að hvers kyns notkun á tölvum sem tekur til barnakláms verði gerð saknæm“.<sup>13</sup>
- **Samningurinn um vernd barna gegn kynferðislegri misbeitingu og misnotkun**, sem samþykktur var árið 2007, er fyrsti sáttmálinn sem fjallar sérstaklega um barnaofbeldi. Með honum er fyllt upp í eyður í Evrópulöggjöfinni og komið á samræmdum lagaramma sem tekur á þeim hörmungum sem 10–20% allra barna í Evrópu verða fyrir.<sup>14</sup>

Ýmiss konar starfsemi og áætlanir á vegum Evrópuráðsins beinast einnig að málefnum sem varða barnaofbeldi:

- Árið 2006 hrinti ráðið verkefninu „Evrópa fyrir og með börnum“ úr vör. Þessi þriggja ára áætlun, sem gerð var í kjölfar skýrslu Sameinuðu þjóðanna um barnaofbeldi í Evrópu, miðar fyrst og fremst að því að sporna við hvers kyns ofbeldi gegn börnum, svo sem líkamsrefsingum, heimilisofbeldi, kynferðislegri misnotkun og mansali. Settar eru viðmiðunarreglur, lögð



fram stefnumótun og höfð umsjón með öflugri vitundarvakningarherferð sem stjórnvöld, þjóðþing, sveitarfélög, sérfræðingar og frjáls félagasamtök í Evrópu taka þátt í.

- **Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins** fjallar markvisst um réttindi barna og vernd gegn ofbeldi í eftirlitsferðum sínum til aðildarlandanna.
- **Herferð Evrópuráðsins gegn mansali** var hleypt af stokkunum árið 2006 undir kjörorðinu „Manneskja – ekki til sölu“. Með herferðinni er leitast við að vekja athygli á því hve mansal er umfangsmikið í Evrópu nú á dögum. Varpað er ljósi á ýmsar leiðir til að koma í veg fyrir nútímaþrælahald af þessu tagi, sem og hvernig reynt er að vernda mannréttindi þolenda og lögsækja gerendur.
- Árið 2007 stóð þing Evrópuráðsins fyrir Evrópukönnun á högum götubarna og gerð stefnumótunar til að ráðast gegn þessum vanda.

## Sameinuðu þjóðirnar

Í 5. grein **Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna** (frá 1948) er kveðið á um að það séu grundvallarmannréttindi að þurfa ekki að sæta ofbeldi. En þessi réttindi eru útfærð mun nánar í **Barnasáttmálanum** (frá 1989). Í 19. grein hans eru hvers kyns misþyrmingar tilgreindar, þar á meðal kynferðisofbeldi, andlegt ofbeldi og misnotkun:

*Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu, félags- og menntunarmála til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun, þar á meðal kynferðislegri misnotkun, meðan það er í umsjá annars eða beggja foreldra, lögráðamanns eða lögráðamanna, eða nokkurs annars sem hefur það í umsjá sinni.*

Í bæði 19. og 37. greininni er sérstaklega kveðið á um vernd gegn dauðarefsingu, sem enn tíðkast í nokkrum löndum utan Evrópu.

Barnasáttmálinn er sá mannréttindasamningur Sameinuðu þjóðanna sem víðast hefur verið staðfestur og veitir börnum öfluga lagalega vernd gegn ofbeldi, hvort sem því er beitt af hálfu ríkisvalds, stofnana eða einstaklinga. Hann er öllum þeim stofnunum og samtökum sem vinna að verndun barna ómetanlegur.

Lengi vel var litið á heimilisofbeldi sem „einkamál“, nema ef um alvarlegar líkamsmeiðingar eða dauðsfall var að ræða. En með Vínaryfirlýsingunni frá 1993 var viðurkennt að ofbeldi gegn konum og stúlkum, hvort sem því væri beitt af hálfu ríkisvalds eða einstaklinga, væri mannréttindabrot. Síðar á sama árinu samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna **Yfirlýsingu um afnám ofbeldis gagnvart konum** og tilnefndi **sérlegan skýrslugjafa** um ofbeldi gegn konum, sérfræðing sem skipaður er til að safna upplýsingum um ofbeldi sem konur og stúlkubörn verða fyrir. Í yfirlýsingunni er sérstaklega kallað eftir að skólar á öllum stigum taki upp þá stefnu að brjóta upp hegðunarmynstur karla og kvenna.<sup>15</sup>

## Gagnlegar heimildir

- *Action against Trafficking in Human Beings: Prevention, protection and prosecution*, Evrópuráðið, 2007:  
[www.coe.int/t/dg2/trafficking/campaign/Source/eg-thb-sem2\\_2006\\_Proceedings.pdf](http://www.coe.int/t/dg2/trafficking/campaign/Source/eg-thb-sem2_2006_Proceedings.pdf)
- *Building a Europe for and with Children: The facts about children and violence*, Fact-pack, Evrópuráðið: [www.coe.int/t/E/Com/Press/Source/Factpack\\_English.doc](http://www.coe.int/t/E/Com/Press/Source/Factpack_English.doc)
- Campaign to Combat Violence against Women, Fact Sheet: Evrópuráðið: 2006:  
[www.coe.int/T/E/Human\\_Rights/Equality/PDF\\_FS\\_Violen\\_E.pdf](http://www.coe.int/T/E/Human_Rights/Equality/PDF_FS_Violen_E.pdf)





- Yfirlýsing um afnám ofbeldis gagnvart konum: Ályktun allsherjarþingsins 48/104 af 20: UNESCO, 1993: [http://portal.unesco.org/education/en/file\\_download.php/7-ed3f0d989b575571389ec99fb1bce6b](http://portal.unesco.org/education/en/file_download.php/7-ed3f0d989b575571389ec99fb1bce6b) Declaration-Elimination-Violence-Women.pdf
- *Forced Labour, Child Labour and Human Trafficking in Europe: An ILO Perspective*: Alþjóðavinnu­málaskrifstofan, Brussel, 2002: [www.belgium.iom.int/STOPConference/Conference%20Papers/06.%20ILO%20-%20Final%20Brussels%20Trafficking%20Paper%20Sept.%202002.pdf](http://www.belgium.iom.int/STOPConference/Conference%20Papers/06.%20ILO%20-%20Final%20Brussels%20Trafficking%20Paper%20Sept.%202002.pdf)
- Frau-Meigs, Divina, *Council of Europe Pan-European Forum on Human Rights in the Information Society: Empowering Children and Young People*: Evrópuráðið, 2006: [www.euro.who.int/document/mediacentre/fs0203e.pdf](http://www.euro.who.int/document/mediacentre/fs0203e.pdf)
- *Gender Matters – A manual on addressing gender-based violence with young people*: Evrópuráðið, 2007.
- *Handbók fyrir þingmenn: Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali*: Evrópuráðið, 2007: [http://assembly.coe.int/committeedocs/2007/Trafficking-human-beings\\_E.pdf](http://assembly.coe.int/committeedocs/2007/Trafficking-human-beings_E.pdf)
- Kennedy, Margaret, „Rights for Children Who Are Disabled“, í *The Handbook of Children's Rights*: Routledge, London, 1995.
- May-Chahal, Corinne og Herczog, Maria, *Child sexual abuse in Europe*: Evrópuráðið, 2003.
- *Tilmæli nr. (2006) 12 frá ráðherranefnd Evrópuráðsins til aðildarríkjanna um að styðja og styrkja börn í hinu nýja upplýsinga- og samskiptaumhverfi*, Evrópuráðið, 2006.
- *Working to Prevent the IT-Related Sexual Exploitation of Children*: Barnaheill, Danmörku, 2005: [www.redbarnet.dk/.../DWSDownload.aspx?File=Files%2FFiler%2FSeksuelt\\_misbrug%2FAarsberetningHotline05\\_ENG.pdf](http://www.redbarnet.dk/.../DWSDownload.aspx?File=Files%2FFiler%2FSeksuelt_misbrug%2FAarsberetningHotline05_ENG.pdf)

.....

### Gagnleg vefsvæði

- Activist Toolkit, Making rights a reality: <http://web.amnesty.org/actforwomen/svaw-toolkit-eng>
- Upplýsinganetið um réttindi barna: [www.crin.org](http://www.crin.org)
- Corporal punishment ... No punishment is justifiable: [www.coe.int/t/transversalprojects/children/violence/corporalPunishment\\_en.asp](http://www.coe.int/t/transversalprojects/children/violence/corporalPunishment_en.asp)
- Evrópuráðið: [www.coe.int/children](http://www.coe.int/children)
- Samningur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali: <http://conventions.coe.int/Treaty/EN/Treaties/Html/197.htm>
- European Observatory of Violence in Schools: [www.obsviolence.com/english/presentation/index.html](http://www.obsviolence.com/english/presentation/index.html)
- Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins: [www.coe.int/t/commissioner/default\\_EN.asp](http://www.coe.int/t/commissioner/default_EN.asp)
- Götubörn og heimilisleysi: [www.cyc-net.org/cyc-online/cycol-0904-Homelessness.html](http://www.cyc-net.org/cyc-online/cycol-0904-Homelessness.html)
- Rannsókn framkvæmdastjórnar Sameinuðu þjóðanna á ofbeldi gegn börnum.: [www.violencestudy.org](http://www.violencestudy.org)
- UNICEF: [www.unicef.org/protection](http://www.unicef.org/protection)
- End Child Prostitution, Child Pornography and the Trafficking of Children for Sexual Purposes: [www.ecpat.net](http://www.ecpat.net)
- Alþjóðavinnu­málaskrifstofunin, Alþjóðaáætlunin um afnám barnavinnu (ILO-IPEC): [www.ilo.org](http://www.ilo.org)
- Institute for Research on Working Children (IREWOC): [www.childlabour.net](http://www.childlabour.net)
- Samtök gegn þátttöku barna í hernaðaráttökum (Coalition to Stop the Use of Child Soldiers, CSC): [www.child-soldiers.org](http://www.child-soldiers.org)
- Coalition to Stop the Use of Child Soldiers (CSC): [www.child-soldiers.org](http://www.child-soldiers.org)



.....

## Tilvísanir

- 1 *Corporal Punishment ... No violence against children is justifiable:*  
[www.coe.int/t/transversalprojects/children/violence/corporalPunishment\\_en.asp](http://www.coe.int/t/transversalprojects/children/violence/corporalPunishment_en.asp)
- 2 *Building a Europe for and with Children: The facts about children and violence*, Fact-pack, Evrópuráðið: [www.coe.int/t/E/Com/Press/Source/Factpack\\_English.doc](http://www.coe.int/t/E/Com/Press/Source/Factpack_English.doc)
- 3 *Rannsókn framkvæmdastjórnar Sameinuðu þjóðanna á ofbeldi gegn börnum.:* [www.violencestudy.org](http://www.violencestudy.org)
- 4 *Violence Against Children – Europe and Central Asia*, UNICEF, bls. 9: [www.unicef.org/ceecis/sgsvac-eca\\_04\\_01-48.pdf](http://www.unicef.org/ceecis/sgsvac-eca_04_01-48.pdf)
- 5 *Rannsókn framkvæmdastjórnar Sameinuðu þjóðanna á ofbeldi gegn börnum:* [www.violencestudy.org](http://www.violencestudy.org)
- 6 *Working to Prevent the IT- Related Sexual Exploitation of Children:* Barnaheill, Danmörku, 2005.
- 7 Tilmæli nr. (2006)12 frá ráðherranefnd Evrópuráðsins til aðildarríkjanna um að styðja og styrkja börn í hinu nýja upplýsinga- og samskiptaumhverfi, Evrópuráðið, 2006.
- 8 *Rannsókn framkvæmdastjórnar Sameinuðu þjóðanna á ofbeldi gegn börnum:* [www.violencestudy.org](http://www.violencestudy.org)
- 9 Sjá um götubörn og heimilisleysi: [www.cyc-net.org/cyc-online/cyc01-0904-Homelessness.html](http://www.cyc-net.org/cyc-online/cyc01-0904-Homelessness.html)
- 10 Margaret Kennedy, „Rights for Children Who are Disabled“ í *The Handbook of Children's Rights*: London, Routledge, 1995, bls. 149.
- 11 Sjá [www.cpt.coe.int/EN/about.htm](http://www.cpt.coe.int/EN/about.htm)
- 12 Samningurinn um aðgerðir gegn mansali:  
<http://conventions.coe.int/Treaty/EN/Treaties/Html/197.htm>
- 13 Sjá Samning Evrópuráðsins um tölvubrot: <http://conventions.coe.int/Treaty/EN/Treaties/HTML/185.htm>
- 14 *Samningur Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misbeitingu og misnotkun*, sjá [www.coe.int/T/E/Legal\\_Affairs/Legal\\_cooperation/Fight\\_against\\_sexual\\_exploitation\\_of\\_children](http://www.coe.int/T/E/Legal_Affairs/Legal_cooperation/Fight_against_sexual_exploitation_of_children)
- 15 *Yfirlýsingin um afnám ofbeldis gagnvart konum:* Ályktun allsherjarþingsins 48/104 of 20, Art. 4: UNESCO, 1993: [www.unhchr.ch/huridocda/huridoca.nsf/\(Symbol\)/A.RES.48.104.Eng](http://www.unhchr.ch/huridocda/huridoca.nsf/(Symbol)/A.RES.48.104.Eng)





